



Brunavarnir A-Hún.

Þriðjudaginn 5. júní 2007 kom stjórn Brunavarna A-Hún saman til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 15:00. Viðstaddir fundinn voru, slökkviliðsstjóri, sveitarstjóri Húnavatnshrepps og bæjarstjóri Blönduósbæjar sem ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Samvinna um brunavarnir í A-Hún. - Niðurstaða.

Magnús B. Jónsson, sveitastjóri Höfðahrepps mætti á fundinn undir þessum lið. Formaður lagði fram bréf um samvinnu slökkviliða í A-Hún. Þar sem fram kemur að talsmenn slökkviliðs Skagastrandar telja ekki skynsamlegt að sameina slökkviliðin á meðan ekki er ráðin stjórnandi fyrir liðinu sem staðsett er á Skagaströnd. Hugmynd um sameiginlegt eldvarnareftirlit hefur aftur á móti fengið góðan hljómgrunn á Skagaströnd. Fram kom að sveitastjórn Höfðahrepps hefur ekki fjallað um málið en haldnir hafa verið fundir með sveitastjóra og slökkviliðsmönnum á Skagaströnd. Formaður lagði jafnframt fram hugmynd að uppbyggingu nýs slökkviliðs þar sem gert yrði ráð fyrir slökkviliðsstjóra og 2 varaslökkviliðsstjórum, öðrum staðsettum á Skagaströnd.

Miklar umræður urðu um málið og vék sveitarstjóri Höfðahrepps af fundi að loknum þessum lið.

Stjórn Brunavarna ítrekar að enn hefur ekki borist formlegt svarbréf frá sveitarstjórn Höfðahrepps, þar sem óskað var eftir samvinnu slökkviliðanna í bréfi formanns dags. 25. janúar sl.

2. Erindi frá útvarpsstöðinni Lind vegna uppsetningu á loftneti.

Óskað er eftir leyfis til að staðsetja útvarpssendi á húsnæði Brunavarna við Norðurlandsveg. Stjórn samþykkir erindið enda hlýst enginn kostnaður af því fyrir Brunavarnir.

3. Önnur mál.

a. *Stjórn óskar eftir því að slökkviliðsstjóri leggi fram starfsskýrslu ásamt verkefnaáætlun ársins á aðalfundi sem áætlað er að haldinn verði nú í júní. Jafnframt ítrekar stjórnin bókun frá 22. janúar sl. en þar segir:*

Stjórnin ákveður að fela Huldu Ragnheiði að vinna tímaskráningarkerfi fyrir Brunavarnir í samráði við slökkvistjóra, til að auðvelda upplýsingagjöf og auka gagnsæi upplýsinga um störf Brunavarna A-Hún.

b. *Taka þarf afstöðu til þess hvar geyma eigi gamla slökkvibílinn sem er Rússi "Gas" árg. 1958 og er fyrsti bíll slökkviliðs A-Hún.*

c. *Lögð fram samantekt Jónu Fanneyjar á þróun fjármála Brunavarna A-Hún 2003-2007, ásamt útskrift aðalbóka 2006 og 2007.*

d. *Stefnt að því að halda aðalfund í júní um leið og ársreikningur liggur fyrir.*

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:00.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Gróa Lárusdóttir (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)

Jens Jenssen (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)